

Afkoma HB Granda hf. fyrstu níu mánuði ársins 2007

- Rekstrartekjur fyrstu níu mánaða voru 10.448 mkr, en voru 10.466 mkr árið áður.
- EBITDA, án söluhagnaðar skipa, var 2.340 mkr (22,4%), en var 2.204 mkr (21,1%) á sama tíma árið áður. Við bætast 609 mkr vegna hagnaðar af sölu skipa.
- Nettó gengismunur og verðbætur lána voru jákvæð um 1.504 mkr, en neikvæð um 2.099 mkr árið áður.
- Hagnaður fyrstu níu mánaða ársins var 2.605 mkr, en árið áður varð 1.037 mkr tap.

	Þriðji ársfjórðungur		Þrjú ársfjórðungar	
	2007	2006	2007	2006
	1.7.-30.9.	1.7.-30.9.	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.
Sölutekjur	2.676.009	3.153.031	10.448.340	10.466.226
Kostnaðarverð sölu	(2.191.853)	(2.619.499)	(8.039.138)	(8.012.679)
Vergur hagnaður	484.156	533.532	2.409.202	2.453.547
Aðrar tekjur	(6.743)	1.664	621.131	16.120
Útflutningskostnaður	(189.058)	(184.528)	(540.263)	(637.320)
Annar rekstrarkostnaður	(128.868)	(88.397)	(374.253)	(535.718)
Rekstrarhagnaður	159.487	262.271	2.115.817	1.296.629
Fjáreignatekjur	20.869	18.389	89.308	19.356
Fjármagnsgjöld	(163.061)	(188.140)	(512.066)	(550.013)
Gengismunur og verðbætur	(460.816)	1.662.362	1.503.733	(2.099.336)
Áhrif hlutdeildarfélaganna	29.017	75.557	11.604	109.420
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	(414.504)	1.830.439	3.208.396	(1.223.944)
Tekjuskattur	86.438	(309.314)	(603.198)	186.998
Hagnaður (tap)	(328.066)	1.521.125	2.605.198	(1.036.946)
EBITDA	410.146	557.497	2.949.449	2.204.456

Rekstur fyrstu níu mánaða ársins 2007

Rekstrartekjur HB Granda hf. á fyrstu níu mánuðum ársins 2007 námu 10.448 mkr, samanborið við 10.466 mkr á sama tímabili í fyrra. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA), án söluhagnaðar skipa, var 2.340 mkr eða 22,4% af rekstrartekjum, samanborið við 2.204 mkr eða 21,1% árið áður. Við bætast 609 mkr vegna hagnaðar af sölu Engeyjar að frádregnu tapi af sölu Sunnubergs. Rekstrarhagnaður af eigin starfsemi var 2.116 mkr, en var 1.297 mkr á sama tímabili árið áður. Áhrif fjáreignatekna og fjármagnsgjalda voru jákvæð um 1.081 mkr, en neikvæð um 2.630 mkr árið áður. Munar þar miklu um gengismun og verðbætur lána, sem voru jákvæð um 1.504 mkr fyrstu níu mánuði ársins 2007, en voru neikvæð um 2.099 mkr árið áður. Áhrif hlutdeildarfélaganna voru jákvæð um 12 mkr, en um 109 mkr árið áður. Hagnaður fyrir tekjuskatt var 3.208 mkr á móti 1.224 mkr tapi á fyrstu níu mánuðum fyrra árs. Hagnaður HB Granda hf. á fyrstu níu mánuðum ársins 2007 nam 2.605 mkr, en árið áður var tap félagsins 1.037 mkr.

Rekstur þriðja ársfjórðungs 2007

Rekstrartekjur HB Granda hf. á þriðja ársfjórðungi ársins 2007 námu 2.676 mkr, en voru 3.153 mkr á þriðja ársfjórðungi 2006. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) á ársfjórðungnum var 410 mkr eða 15,3% af rekstrartekjum, samanborið við 557 mkr eða 17,7% sama tímabil árið áður. Minni tekjur og lægra EBITDA hlutfall skýrast einkum af minni veiði ísfisktogara, brotthvarfi Engeyjar, sem á fyrra ári frysti norsk-íslenska síld, sem og sterkara gengi íslensku krónunnar. Þannig lækkaði meðalgengisvísitala krónunnar á þriðja ársfjórðungi úr 125,8 í 117,1 á milli ára, eða um tæp 7%. Áhrif fjáreignatekna og fjármagnsgjalda voru neikvæð um 603 mkr, en voru jákvæð um 1.493 mkr þriðja ársfjórðung árið áður. Munar þar mestu um gengismun og verðbætur lána sem voru neikvæð um 461 mkr á þriðja ársfjórðungi 2007, en jákvæð um 1.662 mkr árið áður. Vísitala gengisskráningar hækkaði úr 114,0 þann 30.6.2007 í 117,6 þann 30.9.2007, eða um 3,1%.

Áhrif hlutdeildarfélaganna voru jákvæð um 29 mkr en um 76 mkr þriðja ársfjórðung árið áður. Tap fyrir tekjuskatt var 415 mkr á móti 1.830 mkr hagnaði sama tímabil á fyrra ári. Tap HB Granda hf. á þriðja ársfjórðungi ársins 2007 nam 328 mkr eftir að tekið hefur verið tillit til áhrifa tekjuskatts, en á sama tímabili síðasta árs varð hagnaður að upphæð 1.521 mkr.

Efnahagur

Heildareignir félagsins námu 28.602 mkr í lok september 2007, en 29.959 mkr í lok árs 2006. Þar af voru fastafjármunir 23.740 mkr og veltufjármunir 4.862 mkr. Í lok september nam eigið fé 10.479 mkr. Eiginfjárhlutfall var 36,6%, en var 27,4% í lok árs 2006. Heildarskuldir félagsins voru í septemberlok 18.123 mkr.

Skipastóll og afli

Skipastóll HB Granda hf. samanstendur af 5 frystitögurum, 3 ísfisktögurum og 4 uppsjávarveiðiskípum.

Fyrstu níu mánuði ársins var botnfiskafli skipa félagsins um 39 þúsund tonn og uppsjávarafli um 115 þúsund tonn.